

Sp.

154. Þingsályktun

[5. mál]

um eflingu landhelgisgæzlunnar og aukna vernd islenskra fiskiskipa.

(Afgreidd frá Sp. 7. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flýta svo sem unnt er — í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar — ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæzlunni, svo að auðið verði að veita fiskiskipaflotanum vernd, þannig að bægt verði, svo sem kostur er, frá islenskum sjómönnum, skipum þeirra og veiðarfærum þeirri hættu, sem átökin við Breta í fiskveiðalandhelginni kunna að hafa í för með sér.